

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

108. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 15. febrúar 2012 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Upplýsingar varnargirðingar.
2. Upplýsingar um refa- og minkaveiðar.
3. Skoðun samþykka um búfjárhald í sveitarfélögum.
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Formaður, Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir, greindi frá upplýsingum sem Ingvar J. Jóhannsson eftirlitsmaður með lausagöngu búfjár hefur aflað frá Matvælastofnun um viðhald sauðfjáreikivarnargirðinga í sveitarfélaginu m.a. viðhaldi varnargirðingar milli Vatnsness og Víðidals. Landbúnaðarráð krefst þess af Matvælastofnun að auknum fjármunum verði varið til viðhalds varnargirðinga í sveitarfélaginu þar sem ástandi þeirra er verulega ábótavant og sérstakt átak verði gert á árinu 2012 til viðhalds varnargirðingar milli Vatnsness og Víðidals.

2. Formaður lagði fram endurskoðað yfirlit frá skrifstofu sveitarfélagsins um refa- og minkaveiði fyrir árið 2011. Veidd grendýr voru alls 75, alls yrðlingar 175, alls hlaupadýr 102, alls minkar 56.

3. Rætt um nauðsyn þess að unnið verði að gerð samþykktar um búfjárhald í sveitarfélaginu. Samþykkt að formaður vinni frumdrög að slíkum reglum. Samþykkt að haldinn verði aukafundur í landbúnaðarráði miðvikudaginn 29. febrúar nk. kl. 13:00 þar sem farið verði yfir frumdrögin.

4. Greint var frá samþykkt sveitarstjórnar um að leggja til sérstakt aukafjárframlag kr. 1.000.000- til viðhalds heiðagirðinga á árinu 2012. Landbúnaðarráð lýsir yfir mikilli ánægju með aukna fjárveitingu til málaflokksins þar sem kunnugt er að heiðagirðingar í sveitarfélaginu þarfnast mikils viðhalds.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:10

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir(sign.),
Þorsteinn B. Helgason(sign.),
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.).

Skúli Þórðarson(sign.),
Þórarinn Óli Rafnsson(sign.).